

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1989

Nr. 378

710

2. ágúst 1989

REGLUR

um netaveiði göngusilungs í sjó.

1. Við veiðar göngusilungs má einungis nota lagnet.
2. Slíkt lagnet skal vera landfast, liggja þvert á fjöru og eigi vera lengra en 50 metrar, frá efsta fjöruborði á hverjum tíma að stjóra sjávarmegin.
3. Lagnet skal fljóta á flotlínu í sjó og óheimilt er að kafleggja eða mynda fyrirstöðu eða gildru með staurum, grjóti eða öðrum föstum búnaði.
4. Lagnet skal eigi vera smáriðnara en svo, að 4,5 cm séu á milli hnúta, þá net eru vot. Netið skal hins vegar eigi vera stóriðnara en svo, að 5,0 cm séu milli hnúta og girnispýkkt fari ekki yfir 0,3 mm.
5. Bil milli lagneta í sjó skal vera minnst 100 m eftir endilangri strönd, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd lagnets. Í sundum milli strandar og eyja eða hólma skal bil milli neta eftir endilöngu sundi vera hið sama og að framan getur hvoru megin sunds sem net liggur.
6. Net sem ætlað er til veiða á göngusilungi skal merkt með bauju ásamt nafni ábúanda og lögbýlis sem hefur umræddan veiðirétt.
7. Ef maður veiðir fyrir landi annars aðila skal hann framvísa leyfi landeiganda til veiðanna.
8. Að öðru leyti gilda sömu reglur og um veiðar göngusilungs í ósöltu vatni í samræmi við IV. kafla laga nr. 76/1970.
9. Um brot á ákvæðum reglna þessara fer samkvæmt 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.
10. Reglur þessar, sem settar eru í samræmi við 1. mgr. 11. gr. og 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. ágúst 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.